

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 163/2002**

**frá 6. desember 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2001 frá 23. febrúar 2001 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tuttugasta og sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/34/EB frá 15. apríl 2002 um aðlögun að tækniframförum á II., III. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32002 L 0034**: Tuttugasta og sjötta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/34/EB frá 15. apríl 2002 (Stjtið. EB L 102, 18.4.2002, bls. 19).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2002/34/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 9 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 102, 18.4.2002, bls. 19.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.